

Reykhólahreppur
Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri
Maríutröð 5a
380 Reykhólahreppur

Reykjavík, 22. nóvember 2019

Tilvísun: 201709095 / 3.2

Efni: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi

Skipulagsstofnun staðfesti 22. nóvember 2019 breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. október 2019.

Hér með er sveitarstjórn send undirrituð skipulagsgögn, ásamt afriti af auglýsingu um staðfestinguna sem mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda.



Birna Björk Árnadóttir

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Fylgigögn: Afrit af auglýsing til Stjórnartíðinda, skipulagsgreinargerð og sveitarfélagsupphráttur dags. október 2019.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi

Skipulagsstofnun staðfesti, 22. nóvember 2019, breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. október 2019.

Breytingin felst í breytttri veglínu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi um Teigsskóg og nánari útfærslu á þverunum yfir Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð auk skilgreiningar á efnistökusvæðum í tengslum við vegaframkvæmdirnar. Um er að ræða svokallaða P-H leið, sbr. leiðarheiti í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir nýjum héraðsvegi að Djúpadal.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun 22. nóvember 2019



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Hafdís Hafþóradóttir